



Fundargerð 104. fundar stýrihóps Stjórnarráðsins um byggðamál
Fundur haldinn á Teams, 5. maí 2025, kl. 13:00

Dagskrá:

1. Sóknaráætlanir landshluta
 - a) Sóknaráætlun Suðurnesja
 - b) Áhersluverkefni landshluta
2. Aðkoma fleiri ráðuneyta að sóknaráætlunum landshluta
3. Sóknaráætlanir landshluta – mat að árangri?
4. Stefnuráð Stjórnarráðsins
5. Önnur mál
 - a) Byggðasjónarmið vinnuhóps um hagsýni í ríkisrekstri
 - b) Næsti fundur

Mætt: Hólmfríður Sveinsdóttir formaður (IRN), Albertína F. Elíasdóttir (SSNE), Baldur Þ. Guðmundsson (MNH), Bryndís Eiríksdóttir (MAR), Eva Margrét Kristinsdóttir (FRN), Guðjón Björn Guðbjartsson (FOR), Krístrún Friðriksdóttir (DMR), Margrét Erlendsdóttir (HRN), Sigurður Steingrímsson (MNH), Valgerður Rún Benediktsdóttir (sambandinu), Þór Hauksson Reykdal (MRN), Reinhard Reynisson (Byggðastofnun) og Heba Guðmundsdóttir (Byggðastofnun), sem ritaði fundargerðina.

Fjarverandi: Anna Borgþórsdóttir Olsen (FJR), Dagný Arnarsdóttir (URN) og Sigríður Eysteinsdóttir (UTN).

Formaður setti fundinn og hóf boðaða dagskrá.

Umfjöllun og afgreiðsla:

1. Sóknaráætlanir landshluta
 - a) Sóknaráætlun Suðurnesja

Fyrir fundinn höfðu fulltrúar stýrihópsins fengið til skoðunar Sóknaráætlun Suðurnesja. Samkvæmt viðauka 1 við samninga um sóknaráætlun landshluta 2025-2029, c lið staðfestir stýrihópurinn sóknaráætlanir landshluta sem og áhersluverkefni. Sóknaráætlun Suðurnesja var staðfest án athugasemda.

b) Áhersluverkefni landshluta

Fyrir fundinn lágu til staðfestingar samtals tíu áhersluverkefni, eitt frá SSNE og níu frá SSS en eitt af verkefnum stýrihópsins skv. erindisbréfi er að staðfesta áhersluverkefni landshluta.

Afgreiðsla var eftirfarandi:

SSNE: eitt verkefni og var það staðfest.

SSS: níu verkefni lágu fyrir. Sjö verkefni voru staðfest en tveimur var frestað. Formanni og fulltrúa Byggðastofnunar falið að eiga samtal við SSS um útfærslu á þeim verkefnum.

2. Aðkoma fleiri ráðuneyta að sóknaráætlunum landshluta

Formaður fór yfir drög að minnisblaði um aðkomu ráðuneyta að sóknaráætlunum landshluta sem til stendur að fara með fyrir ríkisstjórn f.h. innviðaráðherra, menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðherra og umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. Í minnisblaðinu verður ríkisstjórnin upplýst um nýja samninga og nýjar sóknaráætlunir og ráðuneytin hvött til að skoða beina aðkomu að sóknaráætlunum með fjárframlögum til verkefna á þeirra málefnasviði. Formaður, ásamt fulltrúum stýrihópsins (MNH og URN) munu klára að vinna minnisblaðið og senda á hópinn þegar lokaafurðin liggur fyrir.

3. Sóknaráætlunir landshluta – mat að árangri?

Formaður ræddi mikilvægi þess að opna á umræðuna og kalla eftir hugmyndum um hvernig hægt sé að mæla árangur sóknaráætlana landshlutanna. Áður hafa verið fengnir óháðir aðilar til að gera mat sem kom vel út en margt hefur breyst síðan. Brýnt er að vinna í samstarfi við landshlutasamtökin að matinu. Umræður um hvernig standa meggi að árangursmati. Samtalinu verður framhaldið innan stýrihópsins og við landshlutasamtökin.

4. Stefnuráð Stjórnarráðsins

Guðjón Björn kynnti fyrir stýrihópnum stefnuráð Stjórnarráðsins. SS er samhæfingar- og samráðsvettvangur innan stjórnsýslunnar til að efla og bæta getu hennar til stefnumótunar. Góðar umræður sköpuðust.

5. Önnur mál

a) Byggðasjónarmið vinnuhóps um hagsýni í ríkisrekstri

Guðjón Björn ræddi um byggðasjónarmið vinnuhóps um hagsýni í ríkisrekstri. Enn er verið að ná utan um umfangið og gera drög að verkáætlun. Guðjón Björn mun ræða betur á næsta fundi.

b) Næsti fundur

Næsti fundur stýrihópsins verður haldinn þriðjudaginn 10. júní kl. 14. Stefnt að því að hafa staðfund. Engin önnur mál rædd.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14:15.